

Jóhanna hleypur í skjól hjá BBC

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi Jóhönnu Sigurðardóttur harðlega í þingræðu 8. mars fyrir að sitja heima í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave og sýna henni óvirðingu í öllu tilliti. Sagðist hún viss um, að baráttukonur fyrir réttindum kvenna frá upphafi síðustu aldar sneru sér við í gröf sinni vegna þessarar framkomu fyrsta kven-forsætisráðherra gagnvart fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslu lýðveldistímans. Væri ekki unnt að láta 8. mars, baráttudag fyrir réttindum kvenna, líða á Alþingi, án þess að vekja máls á þessu hneyksli.

Jóhanna Sigurðardóttir greip til þeirra raka sér til varnar, að fréttamaður BBC hefði sagt, að hann sæi ekki til hvers verið væri að kjósa, betri kostur væri á borðinu!